

B.B., Gardel og M.B. gegn Frakklandi

Dómar frá 17. desember 2009

Mál nr. 5335/06, 16428/05 og 22115/06

7. gr. Engin refsing án laga

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Kynferðisafbrotamenn. Öflun og meðferð persónuupplýsinga.

1. Málsatvik.

Kærendur eru allir franskir ríkisborgarar. B. B. fæddist árið 1959 og býr í Toulouse í Frakklandi. Fabrice Gardel fæddist árið 1962 og afplánar refsingu í Monmedý-fangelsinu í Frakklandi. M.B. fæddist árið 1943 og býr í Millau í Frakklandi. Þeir hafa allir verið dæmdir fyrir að nauðga ungmennum. Þeir voru dæmdir árin 1996, 2001 og 2003.

Í mars árið 2004 voru samþykkt lög í Frakklandi sem kváðu á um að starfrækja skyldi gagnagrunn um kynferðisafbrotamenn. Síðar var lögunum breytt á þann veg að gagnagrunnurinn skyldi einnig taka til þeirra sem dæmdir hefðu verið fyrir ofbeldisbrot. Gagnagrunnurinn var settur á laggirnar í júní árið 2005. Kærendum var í kjölfarið tilkynnt að þeirra nöfn hefðu verið sett í gagnagrunninn á grundvelli laganna frá 2004.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kvörtun kærenda laut að því að brotið hefði verið gegn 7. og 8. gr. sáttmálans með því að setja nöfn þeirra í gagnagrunninn og þá sér í lagi í ljósi þess að löggjöfinni sem kvað á um það var beitt með afturvirkum hætti.

Niðurstaða

Um 7. gr.: Dómstóllinn tók fram að forvörn og fæling væru einu markmið hins umdeilda gagnagrunns. Markmið hans væri ekki að refsa kynferðisafbrotamönnum. Þrátt fyrir að þeir sem væru skráðir í gagnagrunninn væru skyldaðir árlega til að sýna fram á heimilisfang sitt og bæri jafnframt að tilkynna tafarlaust um það ef þeir flyttust búferlum þá yrði ekki talið að það fyrirkomulag fæli í sér refsingu í skilningi sáttmálans. Dómstóllinn tók fram að hann kæmist að þessari niðurstöðu þrátt fyrir að skyldan gildi í 30 ár. Dómstóllinn taldi því að bann við refsingu á grundvelli afturvirkra laga samkvæmt 1. mgr. 7. gr. sáttmálans ætti ekki við um málið. Kvörtun kærenda hvað þetta varðaði var því hafnað.

Um 8. gr.: Dómstóllinn fjallaði um að vernd persónulegra upplýsinga væri sérlega mikilvæg til að einstaklingar fengju notið einkalífs og fjölskyldulífs. Sér í lagi væri verndin mikilvæg þegar um væri að ræða sjálfvirka vinnslu upplýsinga í þágu löggæslu. Dómstóllinn ítrekaði að hann teldi ekki vafa undirorpið að markmið gagnagrunnsins væri forvörn gegn frekari brotum. Kynferðisbrot væru sérstaklega ámælisverðir glæpir sem ríkisvaldið yrði að vernda börn og aðra einstaklinga sem ættu undir högg að sækja fyrir.

Enn fremur taldi dómstóllinn að það væri ekki í ósamræmi við þá hagsmuni sem gagnagrunnurinn verndaði að skráning einstaklinga í grunninn stæði yfir í 30 ár. Dómstóllinn hafði þá sérstaklega til hliðsjónar að kærendur hefðu haft möguleika á að óska þess að upplýsingum um þá yrði eytt úr grunninum. Loks benti dómstóllinn á að notkun dómstóla, lögreglu eða annarra stjórnvalda á upplýsingum úr grunninum væri háð trúnaði og takmörkuð við sérstaklega afmörkuð tilvik.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að þær reglur sem réðu því hverjir yrðu skráðir í gagnagrunninn og eins og þeim var beitt gagnvart kærendum væru í samræmi við þá almann- og einkahagsmuni sem vægjust á í málinu. Því var talið að ekki hefði verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans.